

## ÍR-ingar oft fremstir í flokki

Það sýndi sig brátt að þeir ungu menn sem komu saman á Hótel Íslandi, hinn 11. mars 1907, til að stofna ÍR, létu ekki sitja við orðin tóm. Á skömmum tíma efl-dist félagið að meðlimum og ýmsum áhugamálum. Starfsemi félagsins lá sem rauður þráður gegnum íþróttahreyfingu borgarinnar og landsins í heild. Varla hefur nokkru verið hrundið af stað án þess að ÍR hafi ekki lagt þar góðan skerf til, eða beitt sér fyrir upp á eigin spýtur, af eigin rammleik. Hefur það komið sér vel, að ávallt hafa atorku- og hugsjónamenn skipað stjórn félagsins og deildir þess.

◇◇◇

ÍR er fyrsta félagið í landinu sem stofnað er um fimleika.

◇◇◇

ÍR er fyrsta íþróttafélagið í landinu sem beitir sér fyrir æfingum í frjálsíþróttum. Þær fóru fram á Landakotstúninu í byrjun júní 1907.

◇◇◇

ÍR er fyrst félaga til þess að kaupa full-

komin frjálsíþróttáhöld frá útlöndum – spjót, kringlu, kúlu og stöng. Það gerði félagið þegar á fyrsta ári, 1907.

◇◇◇

ÍR hélt fyrstu hlutaveltu íþróttafélaga, 23. og 24. mars 1907, þegar það var aðeins tveggja vikna gamalt. Ágóðinn, 575,25 krónur, var að hálfu til notaður til áhaldakaupa, hinn helmingurinn var gefinn heilsuhælisfélaginu.

◇◇◇

ÍR átti fulltrúa í fyrstu ólympíusveit Íslendinga, Hallgrím Benediktsson og Sigurjón Pétursson. Þeir voru félagsmenn í ÍR og voru tveir af glímumönnum sem sýndu íslenska glímu á leikunum í Lundúnum 1908. Sigurjón keppti að auki í grísk-rómverskri glímu og varð fjórði.

◇◇◇

ÍR lét þýða og gaf út fyrstu leikreglurnar í knattspyrnu sem út koma hér á landi á prenti, árið 1908. Voru þær notaðar í íþróttinni þar til ÍSÍ gaf út ný knattspyrnulög átta árum seinna.

◇◇◇  
 ÍR hélt fyrsta frjálsíþróttamótið sem fram fór í landinu, en það var háð 1.–2. ágúst 1909. Þar komu ÍR-ingar fyrsta sinn fram til að keppa. Fyrri daginn fór fram einnar danskrar mílu hlaup, Árbæjarhlaupið, og varð Einar Pétursson fjórði af 28 keppendum á 28:15 mín., 15 sekúndum á eftir sigurvegaranum. Daginn eftir var keppt í 100 m, 1000 m, hástökki og langstökki. Hlaupin fóru fram á Melunum á líkum stað og íþróttavöllurinn stóð síðar, en stökkinn á Landakotstúni. ÍR-ingar sigruðu í 100 m hlaupi (Helgi Jónasson frá Brennu), hástökki og langstökki (Kristinn Pétursson blikksmiður).

◇◇◇  
 ÍR hafði allan veg og vanda af undirbúningi og framkvæmd fyrsta sundmótsins sem fram fer eftir alþjóðlegum reglum á Íslandi. Það var haldið 1. ágúst 1909 í Skerjafirði og þar var keppt í fyrsta sinn á afmældum brautum.

◇◇◇  
 ÍR-ingar fögnuðu sigri strax í fyrsta sinn sem þeir komu fram til að keppa í sundi. Benedikt G. Waage vann þriðju verðlaun á mótinu, í 100 og 500 stiku sundi í 1. flokki. Einar bróðir hans og Tómas Hallgrímsson fögnuðu sigri í sínum flokknum hvor, svonefndum 2. og 3. flokki.

◇◇◇  
 ÍR hélt fyrstu opinberu fimleikasýninguna í Reykjavík á 20. öldinni en hún fór fram undir stjórn Andreasar J. Bertelsens í Barnaskólaportinu 5. júní 1910 og hófst kl. 2 e.h.

◇◇◇  
 ÍR var eitt þeirra félaga sem beittu sér fyrir og hófu sumarið 1910 að undirbúa byggingu íþróttavallar á Melunum í Reykjavík. Hann var vígður 11. júní árið eftir með fimleikasýningu 13 félagsmanna úr ÍR.

◇◇◇  
 ÍR sigraði í fyrstu flokkakeppni í íþróttum sem fram fór í landinu, en það var í fimleikakeppni á leikmóti UMFÍ í Reykjavík 18. júní 1911.

◇◇◇  
 ÍR stofnaði ásamt öðrum íþróttafélögum í landinu Íþróttasamband Íslands (ÍSÍ) árið 1912 og færði sambandinu peningagjöf sem var fyrsta starfsfé sambandsins.

◇◇◇  
 ÍR átti fyrsta keppanda Íslands í frjálsíþróttum á Ólympíuleikum en það var Jón Halldórsson, síðar ríkisfóhirðir, sem keppti í 100 metra hlaupi í Stokkhólmi 1912. Jón Kaldal, síðar formaður félagsins og annálaður ljósmyndari, keppti næstur Íslendinga í 5 km hlaupi í Antwerpen 1920 og síðan hefur félagið átt mikinn fjölda keppenda á Ólympíuleikum.

◇◇◇  
 ÍR er fyrsta félagið sem heldur leikmót í nafni íþróttafélags, en það var háð 2. og 3. ágúst 1913 og var aðeins fyrir íþróttamenn úr Reykjavík.

◇◇◇  
 ÍR-ingurinn Magnús Tómasson [Kjaran] var fyrstur hér á landi til að kasta spjóti með afturfærslu spjótsins í atrennunni. Það gerði hann á leikmóti ÍR í byrjun ágúst 1913.

◇◇◇  
 ÍR-ingurinn Sigurjón Pétursson (kenndur við Álafoss síðar) varð á sama móti fyrstur til að kasta kringlu hér á landi með snúningi í keppni. Þessa tækni höfðu þeir Magnús og Sigurjón séð og numið á Ólympíuleikumum í London árið áður.

◇◇◇  
 ÍR hélt fyrsta viðavangshlaup hér á landi, fyrsta sumardag 1916, og hefur það farið óslitið fram árlega síðan.

◇◇◇  
 ÍR-formaðurinn þáverandi, Benedikt G. Waage, vann eitt mesta íþróttafrekamtímans, og e.t.v. seinni tíma líka, er hann synti úr Viðey til Reykjavíkur 6. september 1914. Hann lagði af stað frá höfðanum vestanvert við Viðeyjarbúið og synti að Völundarbryggju. Er sú vegalengd 3,5 kílómetrar og var hann eina klst. og 56 mínútur á leiðinni. Kalt var í veðri og sjávarhiti aðeins 10,5 stig.

◇◇◇  
 ÍR réðst fyrst allra í útgáfu íþróttablaðs, 1916. Það hét Sumarblaðið og kom einnig út 1917. Því næst gaf félagið út Þrótt, sem hóf göngu sína 1. janúar 1918. Eftir að hann hafði verið gefinn út í fimm ár óskaði ÍSÍ eftir því að fá blaðið sem málagn sitt. Varð því úr að Þróttur var seldur ÍSÍ. Frá 1926 gaf félagið lengi út Félagsblað ÍR og endurvakti síðar Þrótt um árabíl á fimmta áratugnum.

◇◇◇  
 ÍR hljóp undir bagga þegar hvorki landsstjórnin né bæjarstjórnin hafði ráð á því að halda uppi fimleikakennslu við skólana á tímum fyrra stríðsins, 1914–1918. ÍR starfaði með

fullu fjöri á þessum tíma og bauð í sinn reikning upp á fimleikakennslu fyrir Kennaraskólann í tvö ár og hélt einnig úti í mörg ár sérstakri deild fyrir nemendur Verslunarskóla Íslands og Sjómannaskólans.

◇◇◇  
 ÍR myndaði 1920 Ólympíusjóð Íslands með 500 króna framlagi, rúmu ári áður en Ólympíunefnd Íslands var fyrst skipuð.

◇◇◇  
 ÍR varð fyrst félaga til þess að efna til keppni í fimmtarþraut. Var það á Leikmóti félagsins 17. júní 1920. Keppt var í langstökki, spjótkastrí, 200 metra hlaupi, kringlukasti og íslenskri glímu.

◇◇◇  
 ÍR var gestgjafi fyrsta erlenda fimleikaflokksins sem kom til Íslands, en þar var um að ræða Kristiania Turnforening sem kom til landsins 1921.

◇◇◇  
 ÍR hélt árið 1922 fyrsta íþróttanámskeið fyrir allt Ísland, m.a. í fimleikum, frjálsíþróttum, sundi og knattspyrnu. Það stóð í sex vikur og þátt tóku 33 menn hvaðanæva af landinu. Félagið fékk norskan íþróttakennara til að annast kennsluna. Það útvegaði þátttakendum ókeypis húsnæði hér í bænum og öll kennsla var ókeypis. Með námskeiðinu þótti ÍR hafa skapað nýja strauma í íþróttahreyfingu landsmanna.

◇◇◇  
 ÍR er fyrsta félagið sem fær útlendan þjálfara hingað til lands gagnert til þess að kenna íþróttir. Þar er um að ræða Norðmanninn Reidar Tönsberg, sem hingað kom 1922.

◇◇◇  
 ÍR sendi 1922 fyrst félagi íþróttaflokk út á land er flokkur karlmanna fór til Vestur- og Norðurlands til þess að sýna fimleika. Flokkurinn kom gangandi frá Akureyri til Reykjavíkur um Kjöl.

◇◇◇  
 ÍR fékk flesta vinninga á fyrsta Allsherjarmóti ÍSÍ, sem haldið var 1921, og hlaut farandbikar sambandsins. Það sigraði einnig á mótinu 1926 þótt aðeins kepptu þar 12 menn frá ÍR en 72 frá öðrum félögum.

◇◇◇  
 ÍR bar sigur úr bítum í fyrsta Fimleikamóti Íslands, sem fram fór 1924, en þar var um flokkakeppni að ræða.

◇◇◇  
 ÍR sendi 1925 tvo fimleikaflokka, karla og kvenna, kringum land til Reyðarfjarðar, er sýndu fimleika í öllum stærstu kaupúnum. Stúlkurnar fóru með skipi til Reykjavíkur, en karlmennirnir landveg frá Reyðarfirði um Fljótsdalshérað, yfir Skaftafellssýslur til Reykjavíkur. Stóran hluta fóru þeir gangandi um vegleysur!

◇◇◇  
 ÍR hélt fyrsta innanfélagsmeistaramót í frjálsíþróttum sem háð hefur verið á Íslandi, en það hélt félagið haustið 1926.

◇◇◇  
 ÍR eignaðist fyrstu tennisvelli bæjarins 1926 og lét girða þá tveggja metra hárrí vírnetsgirðingu. Voru þeir innan girðingar íþróttavallarins.

◇◇◇  
 ÍR átti alla keppendur á fyrsta frjálsíþróttamóti sem haldið er í landinu eingöngu

fyrir stúlkur. Var það jafnframt fyrsta keppni kvenna í frjálsum hér á landi. Stúlknamótið fór fram á íþróttavellinum laugardaginn 19. júní 1926 og var hluti af Landspítalásjóðsdeginum. Keppt var í 60 metra hlaupi, 30 metra hlaupi með egg í skeið, kartöfluhlaupi, knattkasti, langstökki og hástökki [af kistu]. Tólf keppendur mættu til leiks.

◇◇◇  
 ÍR átti fyrstu stúlkurnar [og þar með reyndar fyrstu menn einnig] sem kepptu um sundþrautamerki ÍSÍ, 8. ágúst 1926. Það voru þær Ásta Pétursdóttir og Sigríður Sigurbjarnadóttir.

◇◇◇  
 ÍR átti fyrsta Íslandsmeistarann í fimleikum er Magnús Þorgeirsson, kenndur við verslun sína Pfaff, sigraði árið 1927 á fyrsta Íslandsmótinu í einstaklingskeppni í fimleikum.

◇◇◇  
 ÍR sá um framkvæmd fyrsta Meistaramóts Íslands í frjálsíþróttum, sem fram fór 1927 í Reykjavík.

◇◇◇  
 ÍR sendi 1927 úrvalsflokka karla og kvenna til Noregs og Svíþjóðar. Var það fyrsta utanför íþróttahópa á vegum félaga. Eftir að hafa sýnt fimleika víðsvegar í Noregi tóku stúlkurnar þátt í íþróttavíku í Gautaborg, sem haldin var til minningar um 150 ára afmæli íþróttufrömuðarins P.H. Ling.

◇◇◇  
 ÍR sendi enn 1928 kvennaflokk sinn á alheimsmót í fimleikum, sem haldið var í Calais í Frakklandi. Var flokkurinn talinn bestur allra kvenflokka er þar sýndu.

◇◇◇  
 ÍR eignaðist fyrst íþróttafélaga í landinu eigið íþróttahús, árið 1929. Fyrsti frumkvöðull að stofnun húsbýggingarsjóðs var sendiherra Íslands í Danmörku, Sveinn Björnsson [síðar fyrsti forseti Lýðveldisins], sem var ÍR-ingur af lífi og sál. Formaður félagsins og stjórnarmaður um langt árabíl, Haraldur Johannessen [faðir Matthíasar ritstjóra Morgunblaðsins], átti frumkvæðið að því að ÍR eignaðist gömlu Landakotskirkjuna sem breytt var í íþróttahús.

◇◇◇  
 ÍR hélt fjölda fimleikasýninga í borginni og nágrenni eða um 140 á fyrstu 25 árum félagsins en þær áttu eftir að verða miklu fleiri.

◇◇◇  
 ÍR sýndi nýja íþrótt, sem ekki hafði sést hér á landi, skylmingar, á fjölbreyttri íþróttasýningu í Iðnó 24. og 25. mars 1931. Björn Jakobsson fimleikakennari og Þorsteinn Þorsteinsson stud. art. sýndu. ÍR bauð upp á kennslu og þjálfun í þeirri íþrótt um tveggja ára skeið á þessum tíma.

◇◇◇  
 ÍR byrjaði fyrst félagi að æfa japönsku sjálfsvarnaríþróttina jiu-jitsu, veturinn 1932–33. Gekk hún einnig undir nafninu japönsk glíma manna á meðal. Fékk þessi íþrótt svo góðar undirtektir að stjórn félagsins tók hana upp sem sérstaka grein haustið 1933.

◇◇◇  
 ÍR byrjaði fyrst allra félaga hér á landi iðkun badmintons, árið 1933. Barst sú íþróttgrein til landsins frá Danmörku

með tveimur ÍR-ingum, Jóni Kaldal og Jóni Jóhannessyni.

◇◇◇  
 ÍR var í forystuhlutverki í útgáfu þjálfraðibóka því það gaf út fyrstu kennslubókina um frjálsíþróttir, Úti-íþróttir. Kom hún út 1934.

◇◇◇  
 ÍR-ingarnir Friðrik Sigurbjörnsson og Magnús Andrésón urðu fyrstir til þess að vinna til eignar verðlaunagrip sem keppt var um í tennis. Þeim áfanga náðu þeir er þeir unnu tvíliðaleik karla í 5. sinn, árið 1935. Bikarinn gaf Bergþóra Scheving Thorsteinsson á 20 ára afmæli ÍR 1927.

◇◇◇  
 ÍR-ingar unnu lengst af alla tennisbikara sem keppt var um, bæði fyrir karla og konur, fram í byrjun seinna stríðs.

◇◇◇  
 ÍR fékk verðmætustu gjöfina sem einstakur maður hafði gefið til eflingar íþróttum, er Ólafur Johnson konsúll gaf bíl sumarið 1938 til að nota í happdrætti vegna kaupanna á Kolviðarhóli.

◇◇◇  
 ÍR-ingar komu upp fyrstu skíðalyftunni héraendis árið 1938 í Hellisskarði á Þverfelli við Kolviðarhól. Dráttarbraut þessi var 160 metra löng og knúði hana mótór úr Chevrolet árgerð 1929.

◇◇◇  
 ÍR lék fyrsta leik fyrsta Íslandsmótsins í handknattleik. Fór hann fram 30. mars 1940 í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu. Áttust við meistara-flokkar ÍR og Hauka í kvennaflokki og fór síðarnefnda liðið með sigur af hólmi, 22:14.

◇◇◇  
 ÍR-ingar áttu lengi markamet í Íslandsmóttinu í handknattleik. Jól Sigurðsson, síðar Íslandsmethafi í spjótkafti, skoraði 15 mörk er ÍR lagði Fram 26:6 í 2. flokki á Íslandsmóttinu í leik sem háður var í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar sunnudaginn 7. apríl 1940. Met Jóels stóð í 18 ár eða þar til annar ÍR-ingur, Gunnlaugur Hjálmarsson, bætti það 1958. Skoraði hann 16 mörk í leik gegn Aftureldingu á Íslandsmóttinu 1958 en leikinn unnu ÍR-ingar 40:23.

◇◇◇  
 ÍR sá um fyrsta íþróttamótið sem háð var í íþróttahúsinu við Hálogaland, Andrewshöllinni. Var það þriðja hnefaleikameistaramót Íslands, sem fram fór 3. maí 1944, og stóðu ÍR og Ármann sameiginlega fyrir móttinu.

◇◇◇  
 ÍR-mót í hnefaleikum varð vettvangur fyrstu opinberu keppni Íslendinga í hnefaleik við erlenda hnefaleikara. Mótherjarnir voru setuliðsmenn úr sjó- og flughernum breska. Það fór fram 22. mars 1945.

◇◇◇  
 ÍR varð fyrsti Reykjavíkarmeistarin í meistaraflokki í handknattleik, árið 1945.

◇◇◇  
 ÍR-ingurinn Finnbjörn Þorvaldsson er fyrsti íslenski íþróttamaðurinn til að setja tíu Íslandsmet í íþróttum á einu og sama keppnistímabilinu. Það gerði hann í frjálsíþróttum árið 1946. Átti hann þá met í tólf greinum, þar af fimm boðhlaupum.

◇◇◇  
 ÍR stóð fyrir fyrstu utanför félagsflokks frjálsíþróttamanna til keppni með Norðurlandaför 1947. Efi er á að jafnmikill ljómi stafi af nokkurri annarri íþróttaför af þessu tagi fyrr og síðar sakir þeirrar athygli sem afrek ÍR-inganna vöktu heima fyrir og erlendis.

◇◇◇  
 ÍR-ingarnir Finnbjörn Þorvaldsson og Haukur Clausen urðu Norðurlandameistarar í 200 metra hlaupi, Haukur 1947 og Finnbjörn 1949 en þá vann hann 100 metra hlaupið líka.

◇◇◇  
 ÍR-ingar háðu í Norðurlandaförinni félagskeppnir við tvö sterk félög í Svíþjóð, Skuru IK í Stokkhólmi og Örebro SK í Örebro, og unnu báðar. Eru það fyrstu félagakeppnir Íslendinga við lið annarra þjóða í íþróttum.

◇◇◇  
 ÍR flutti inn fyrsta útlenda handboltapjálfarann sem hingað kemur; Danann Henning Isachsen sem dvaldi hér í Reykjavík árið 1947 og annaðist kennslu í handknattleik hjá ÍR fram á vorið 1948. Um síðir kenndi Isachsen ekki bara hjá ÍR eingöngu heldur einnig hjá Fram og Víkingi.

◇◇◇  
 ÍR-ingarnir Guðmundur Ingólfsson og Ólafur Guðmundsson tryggðu Íslandi sigur í fyrstu landskeppninni í sundi en keppt var við Norðmenn í maí 1948 í Sundhöllinni. Keppnin var jöfn og hörð allt þar til komið var að 100 metra baksundi undir lokin. Ólafur vann sundið óvænt og

Guðmundur varð annar. Reið frammi staða þeirra baggamuninn um sigur í landskeppninni.

◇◇◇  
 ÍR er fyrsta félagið sem fær erlend félagslið í handknattleik til að koma hingað til lands. Kom sameiginlegt lið dönsku liðanna Ajax og HG með flugvélinni Heklu 17. maí 1948 og lék fjóra leiki á viku. Ajax var Danmerkurmeistari innanhúss á þessum tíma og HG í þriðja. Helmingur leikmannanna sem hingað komu var í dönskum landsliðum og héðan fóru Danirnir ósigráðir.

◇◇◇  
 ÍR-ingurinn Haukur Clausen vann sigur í fyrstu grein fyrstu landskeppni Íslendinga, við Norðmenn á Melavelli sumarið 1948. Þeir Finnbjörn Þorvaldsson, einnig ÍR-ingur, unnu fjórar greinar sem voru þær einu sem Íslendingar sigruðu í.

◇◇◇  
 ÍR eignaðist fyrsta Íslandsmeistarann í badminton er Einar Jónsson bar sigur úr bítum í úrslitaleik við Ágúst Bjartmarz frá Stykkishólmi með 15:12 og 15:11 hinn 1. júní 1949.

◇◇◇  
 ÍR sendi tíu manna flokk frjálsíþróttamanna í tíu daga keppnisför til Skotlands og Írlands í lok júní 1949. Voru þetta fyrstu íslensku íþróttamennirnir sem kepptu í hinu frjálsa Írlandi.

◇◇◇  
 ÍR-ingurinn Örn Clausen átti hlut í heimsmeti er hann hljóp í alþjóðlegri sveit sem setti heimsmet í 1.000 metra

hlaupi árið 1949. Stóð metið í 11 ár.

◇◇◇  
 ÍR-ingurinn Haukur Clausen setti Norðurlandamet í 200 metra hlaupi, 21,3 sek., árið 1950. Var sá tími besti árangur Evrópubúa þetta ár.

◇◇◇  
 ÍR er fyrsta íþróttafélag bæjarins til að hefja æfingar í körfuknattleik, haustið 1950, en 11. mars 1951 er deild um þá íþrótt stofnuð innan félagsins.

◇◇◇  
 ÍR stóð fyrir fyrstu kennslu hérlendis í ísknattleik og skautahlaupi 9. janúar 1951 í samstarfi við Skautafélag Reykjavíkur. Undirstöðuatriði leikreglna voru kennd í ÍR-húsinu við Túngötu en síðan fór kennslan fram á Tjörninni. Eistlendingurinn Ewald Mikson [faðir knattspyrnumannanna Jóhannesar og Atla Eðvaldssonar] annaðist kennsluna en hann var eitt sinn í landsliði Eistlendinga í ísknattleik.

◇◇◇  
 ÍR lék fyrsta opinbera kappleikinn í körfuknattleik sem háður var í Reykjavík. Mótherji var íþróttafélag starfsmanna á Keflavíkurflugvelli. Fór leikurinn fram 12. febrúar 1951. Nokkru áður höfðu ÍR-ingar háð kappleiki gegn varnarliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli en beðið ósigur.

◇◇◇  
 ÍR vann fyrstu opinberu körfuknattleikskeppni sem fram fór hér á landi og hlaut silfurbikar að launum. Mótið fór fram á Keflavíkurflugvelli með þátttöku fimm liða helgina 28.–29. apríl 1951. Það var haldið að tilstuðlan Lockheed Aircraft Overseas Corporation og

afhenti aðstoðarforstjóri fyrirtækisins ÍR sigurlaunin.

◇◇

ÍR-ingar léku einir íslenskra liða við fyrsta ameríska körfuboltaliðið sem til landsins kemur. Var það háskólaliðið „Eagles“ frá American University í Washington sem kom á vegum varnarliðsins um áramótin 1951-'52. Leikurinn fór fram á Hálogalandi 4. janúar 1952. Var um að ræða mjög þekkt lið í Bandaríkjunum er unnið hafði marga stórkeppnina. Í því var hæsti körfuknattleiksmaður heimsins, Edward Mofat, sem var 2,16 metrar á hæð.

◇◇

ÍR-ingurinn Einar Eyfells var í hópi fimm skautahlaupara sem fyrstir fengu viðurkennd Íslandsmet í skautahlaupi. Fékk hann heiðursmerki fyrir metið í afmælishófi ÍSÍ 28. jan. 1951.

◇◇

ÍR varð fyrst félaga til að efna til keppni í 3.000 metra hindrunarhlaupi hér á landi, á Vormóti ÍR á Melavellinum 20. maí 1951. Var greinin meðal keppnisgreina í landskeppninni í Ósló síðar um sumarið.

◇◇

ÍR-ingurinn Örn Clausen setti Norðurlandamet í tugþraut, 7.452 stig, í spennandi einvígi við Frakkann Heinrich á Melavelli 29. og 30. júlí 1951. Sigráði Heinrich með 23 stigum. Var árangur Arnar þriðja besta afrekið í heiminum og stóð Norðurlandametið árum saman.

◇◇

ÍR átti annan mann í mark, Emil Jónsson, í fyrsta landsmóti í hjólreið-

um sem fram fór á Akranesi 12. ágúst 1951. Vegalengdin var 33 km og hjólað kringum Akrafjall rangsælis. Emil hjólaði á 1:15.56,6 klst. Þórarinn Magnússon skósmiður [faðir Guðmundar frjálsíþróttþjálfara] var yfirdómari.

◇◇

ÍR sá um framkvæmd fyrsta Íslandsmeistaramótsins í körfuknattleik, í apríl 1952. Félagið sá einnig um mótið 1953, í samvinnu við Gosa, félag nemenda í Menntaskólanum.

◇◇

ÍR er fyrsta íþróttafélagið í landinu sem eignast eigin lyftingatæki. Keypti félagið þau árið 1953. Þau voru höfð í ÍR-húsinu á veturna en á Melavelli á sumrin.

◇◇

ÍR varð fyrsti Íslandsmeistari 2. flokks karla í körfuknattleik, árið 1954, fyrsti Íslandsmeistari 4. flokks karla, árið 1959, og fyrsti meistari í 9. flokki karla, árið 1989. Sama ár vann ÍR fyrsta bikarmeistaratitilinn sem keppt var um í 9. flokki.

◇◇

ÍR-mót í sundi í nóvember 1954 komst í fréttir sakir þess að þar var froskköfun sýnd í fyrsta sinn hér á landi en hún var að ryðja sér mjög til rúms í heiminum. Gamall sundmaður ÍR, Guðmundur Guðjónsson, nam þessa aðferð fyrstur Íslendinga úti í Kaupmannahöfn og var að byrja feril sinn sem kafari hér á landi með þessari aðferð.

◇◇

ÍR-ingur vann til fyrstu ólympíuverðlauna Íslendinga, en þar er að sjálfsgöðu átt við silfurverðlaun

Vilhjálmss Einarssonar í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu 1956. Vilhjálmur stökk 16,26 metra sem var Norðurlandamet og jafnframt ólympíumet um stund.

◇◇

ÍR-ingurinn Valdimar Örnólfsson gerði sér lítið fyrir og sigraði í svigi á alþjóðlegu skíðamóti stúdenta sem fram fór í franska alpabænum Alpe-d'Huez 2. og 3. febrúar 1957. Þessi árangur Valdimars mun vera fyrsti sigur íslensks skíðamanns á erlendri grund.

◇◇

ÍR varð árið 1957 fyrsti Íslandsmeistari í körfuknattleik kvenna þar sem keppt var samkvæmt nútíma reglum.

◇◇

ÍR hélt 50 ára afmælistót í frjálsíþróttum á Melavellinum 21.–22. júní 1957. Það markaði tímamót í íslenskri íþróttasögu því meðal átta erlendra keppenda voru fjórir rússneskir frjálsíþróttamenn. Er það í fyrsta sinn sem rússneskir íþróttamenn keppa hérlendis og setti einn þeirra, Jonas Pipine, rússneskt met í míluhlaupi. Vallarmet voru sett í spjótkesti, stangarstökki, 1.000 m hlaupi, 1.500 m hlaupi, míluhlaupi og þrístökki og Íslandsmet í míluhlaupi og 3.000 m hlaupi.

◇◇

ÍR-ingurinn Gunnlaugur Hjálmarsson, sem manna á meðal gengur undir uppnefninu „Labbi“, skoraði fyrsta mark Íslendinga í HM í handknattleik, í leik gegn Tékkum í Magdeburg í Þýskalandi 27. febrúar 1958.

◇◇

ÍR-ingurinn Hrafnhildur Guðmundsdóttir varð 14 ára gömul yngsta konan sem setur Íslandsmet fullorðinna í sundi. Það gerði hún á alþjóðlegu sundmóti ÍR í Sundhöllinni í apríl 1958. Það var hennar fyrsta met, en tugir meta fylgdu í kjölfarið.

◇◇

ÍR-sundgarpurinn Guðmundur Gíslason varð annar íþróttamaðurinn á eftir Finnbirni til að setja tíu met á ári. Það lék hann eftir árið 1958 og einnig 1959. Guðmundur er fremsti sundmaður Íslendinga fyrr og síðar, varð 92 sinnum Íslandsmeistari og setti 152 Íslandsmet og eru boðsundsmet þá ekki meðtalin. Þá setti Guðmundur 37 drengjamet árið 1957 eitt og sér.

◇◇

ÍR sýndi stórhug og djörfung 1958 er félagið bauð fyrst félaga til landsins erlendu liði til keppni í körfuknattleik. Í byrjun október kom körfuknattleikslíð S.C. Wissenschaft DHfK frá íþróttaháskólanum í Leipzig í Þýskalandi í boði körfuknattleiksdeildar ÍR.

◇◇

ÍR-ingurinn Vilhjálmur Einarsson jafnaði gildandi heimsmet í þrístökki á Laugardalsvelli 1960 er hann stökk 16,70 metra. Enginn stökkvari hefur komist í tæri við það síðan og er afrek Vilhjálms langelsta núgildandi Íslandsmetið.

◇◇

ÍR-ingurinn Gunnlaugur Hjálmarsson var á sínum tíma meðal bestu handknattleiksmanna heims. Hann varð þriðji markahæsti maður HM 1961 og

var valinn í heimslíð eftir þá keppni, fyrstur Íslendinga. Gunnlaugur lék 24 ár í meistaraflokki ÍR á árunum 1954–77.

◇◇◇

ÍR-ingur varð fyrstur Íslendinga til þess að setja heimsmet í einstaklingsíþróttagrein er Vilhjálmur Einarsson stökk 1,75 metra í hástökki án atrennu á innanfélagsmóti í ÍR-húsinu 1. nóvember 1961. Bætti hann met Norðmanns um einn sentimetra.

◇◇◇

ÍR efndi á 55 ára afmælisári sínu, 1962, til fyrsta frjálsíþróttamótsins innanhúss hér á landi með erlendri þátttöku. Það fór fram í Hálogalandi og var húsfyllir báða dagana. Norðmaðurinn Johan Chr. Evandt háði harða keppni við Vilhjálmu Einarsson og Jón Þ. Ólafsson og stóðust heimsmetin ekki átökin. Setti Evandt heimsmet í langstökki án atrennu, 3,65 metra.

◇◇◇

ÍR-ingurinn Hörður B. Finnsson varð fyrstur íslenskra sundmanna til að setja Norðurlandamet í sundi. Það gerði hann í 100 metra bringusundi í keppni við norska, sænska og finnska sundmenn á afmælimóti ÍR á 55. afmælisdegi félagsins, 11. mars 1962.

◇◇◇

ÍR-ingurinn Jón Þ. Ólafsson setti Norðurlandamet í hástökki innanhúss í árslok 1962, stökk 2,11 metra. Var það besti árangur í Evrópu það ár og annar besti hástökkarárangur innanhúss í heiminum. Jón setti og heimsmet unglinga í hástökki án atrennu í ÍR-húsinu 1962, stökk 1,70 metra. Þetta

ár setti hann eða jafnaði 16 Íslandsmet innanhúss og utan.

◇◇◇

ÍR-ingar unnu árið 1963 fyrsta Íslandsmótið í körfuknattleik þar sem leikin var tvöföld umferð í meistaraflokki karla, en sú nýbreytni þótti takast vel. Það þótti segja sína sögu um yfirburði ÍR að sex leiki af átta vann liðið með meira en 30 stiga mun.

◇◇◇

ÍR er fyrsta íslenska liðið sem tekur þátt í Evrópukeppni í körfuknattleik og jafnframt fyrsta liðið sem kemst í aðra umferð í þeirri keppni. Lögðu ÍR-ingar bresku meistarana Collegians Basketball Club frá Belfast heima og heiman haustið 1964 en töpuðu báðum leikjum í annarri umferð í janúar 1965 fyrir frönsku meisturunum, ASVEL frá Lyon.

◇◇◇

ÍR sendi fyrst íslenskra félaga kvennalið í körfuknattleik til keppni í útlöndum er meistaraflokkur félagsins fór í keppnisferð til Englands og Skotlands árið 1966.

◇◇◇

ÍR er brautryðjandi á sviði handknattleiks því tveggja dómara kerfi í leik var fyrst reynt hér á landi á hraðmóti ÍR í Laugardalshöll 5. október 1967. Margir handknattleiksdómarar voru á móti kerfinu, efuðust um ágæti þess og töldu það óþarft. Kerfið þótti hins vegar sanna ágæti sitt í fyrstu tilraun og var tekið upp á Íslandsmótinu síðar um haustið.

◇◇◇

ÍR vann bikarkeppni Frjálsíþróttasambandsins árið 1972 og síðan 16 ár í röð og 17 sinnum alls eða oftast en nokkurt annað íþróttafélag.

ÍR varð árið 1977 fyrst íslenskra félaga til að taka þátt í Evrópukeppni félagsliða í víðavangshlaupum. Hún fór fram í Palencia á Spáni. Karlalið keppti þar og nokkrum árum seinna fór kvennalið ÍR fyrst kvennaliða til þátttöku í sömu keppni.

◇◇◇

ÍR var og fyrst til að senda félagslið til keppni í Evrópukeppni félagsliða kvenna í frjálsíþróttum með þátttöku sinni í því móti í Schwechat í Austurríki 1990.

◇◇◇

ÍR komst í aðra umferð borgarkeppni Evrópu í handbolta haustið 1993, í sinni fyrstu og einu Evrópukeppni í greininni. Sló út danska liðið Virum í fyrri umferð en beið lægri hlut gegn spænska liðinu Bidasoa í annarri umferð.

◇◇◇

ÍR eignaðist Evrópumeistara innanhúss er Vala Flosadóttir sigraði í stangarstökki 1996. Hún setti Norðurlandamet í leiðinni, stökk 4,16 metra. Hún setti aftur Norðurlandamet og heimsmet unglinga með 4,17 metra stökki 28. september í Bordeaux í Frakklandi.

◇◇◇

ÍR er fyrsta félagið í landinu sem státað getur af hlaupa- og stökkbrautum úr gerviefni á eigin félagssvæði. Þær voru vígðar á ÍR-svæðinu við Skógarsel 12. júní 1997, á 90 ára afmælisári félagsins.

◇◇◇

ÍR-ingur vann fyrstu og einu ólympíuverðlaun íslenskrar íþróttakonnu. Þar er að sjálfsögðu átt við Völu Flosadóttur sem vann bronsverðlaun í stangarstökki á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000. Stökk hún 4,50 metra sem var Norðurlandamet.

◇◇◇

ÍR varð haustið 2001 fyrsta íþróttafélagið í landinu til að stofna dansdeild eftir að dans var tekinn undir verndarvæng íþróttahreyfingarinnar.

◇◇◇

ÍR er fyrsta og eina íþróttafélagið í landinu til að eignast heimsmestara í dansi. Urðu Karen Björk Björgvinsdóttir og Adam Reeve heimsmestarar í 10 dönsum árið 2003. Árið áður urðu þau í þriðja sæti með jafnmörg stig og þörin í fyrsta og öðru sæti. Á stofnari dansdeildarinnar, 2001, urðu þau í fjórða sæti í HM í 10 dönsum. Og rétt eftir stofnunina unnu þau opna ástralska meistaramótið í standard-dönsum í Melbourne, þar sem Vilhjálmur afrekadi forðum.

◇◇◇

Í framanrituðu hefur aðeins lauslega verið getið nokkurs úr sögu ÍR, en þó sést á því að félagið hefur mörgu góðu komið í framkvæmd. Sennilegra er að merkasti þáttur í starfi þess verði aldrei skráður; áhrif þau, bein og óbein, sem félagið hefur haft á félaga sína og aðra. En það er önnur saga.